

Mosfellsbær
Skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 6. september 2018
UST201806-344/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Flugumýri - Mosfellsbæ

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis í Flugumýri, Mosfellsbæ.

Í lýsingu kemur fram að svæðið afmarkast til vesturs af íbúðabyggð, til norðurs af ódeiliskipulögðu íbúðarsvæði í landi Lágafells, til austurs af athafnasvæði í Desjamýri og til suðurs af Skarhólabraut.


Skv. lýsingu er á ofangreindu svæði nú þegar 20 byggingar. Einnig segir að með nýju skipulagi verði settir skilmálar utan um þær heimildir er gilda á svæðinu og hugað að óskum lóðarhafa.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til aðliggjandi íbúðarhverfis við gerð skipulagsins hvað varðar mögulega hávaðamengun og aðra mengun.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur